

Innviðaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

*Sent á samráðsgátt*  
Reykjavík, 18. ágúst 2023

**Efni: Umsögn um áform um breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, mál nr. 141/2023**

Þann 18. júlí sl. birti innviðaráðuneytið í samráðsgátt stjórnvalda áform um breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun og óskaði eftir umsögn um áformin. Umsagnarfrestur var veittur til 18. ágúst 2023.

Samtök fyrirtækja í landbúnaði (hér eftir „SAFL“ eða „samtökin“) hafa tekið umrædd áform til skoðunar og verður hér gerð grein fyrir sjónarmiðum samtakanna.

Tvennskonar breytingar á regluverkinu verða lagðar til:

- a. Hækkun á endurgreiðsluhlutfalli flutningskostnaðar sem hækka hlutfallslega eftir því sem flutningur vöru eða hrávöru er lengri. Slík breyting myndi fela í sér auknar styrkveitingar fyrir minni framleiðendur.
- b. Byggðastofnun hefur lækkað endurgreiðsluhlutfall umsókna til þess að fara ekki fram úr fjárheimildum á grundvelli 4. mgr. 6. gr. laga um svæðisbundna flutningsjöfnun og hafa umsækjendur ekki fengið nema 57-67% af samþykkttri fjárhæð greidda sl. ár. Byggðastofnun leggur til að engin skerðing á endurgreiðsluhlutfalli verði á öllum umsóknum upp að 1,25% af heildarfjárveitingu hvers árs.

Samtökin styðja þau áform um að styrkja betur stöðu minni framleiðenda. Markmið boðaðra breytinga hafa það helst í för með sér að styrkveitingar fyrir minni framleiðendur aukast á kostnað framleiðenda sem stærri eru. Markmið laganna er að styðja við framleiðsluiðnað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni sem býr við skerta samkeppnisstöðu vegna lengri flutningsleiða og þar með hærri flutningskostnaðar.

Samtökin benda á að heildarupphæð umsókna hefur aukist mjög undanfarin ár sökum hækkandi flutningskostnaður án þess að fjárveitingar til svæðisbundinnar flutningsjöfnunar hafi aukist. Þannig var sú fjárhæð sem sett hefur verið á fjárlög ekki fullnýtt fyrr en fyrir árið 2018, þegar heildarupphæð umsókna var í fyrsta sinn hærri en það fé sem var til ráðstöfunar. Síðan þá hefur hlutfall greiddra styrkja af umsóknum dregist saman ár frá ári og stendur nú einungis í 57-67% líkt og áður hefur komið fram. Ætla má að þetta hlutfall haldi áfram að minnka með vaxandi flutningskostnaði.

Þessi þróun leiðir af sér að markmiði laganna, um að styðja við framleiðsluðnað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni sem býr við skerta samkeppnisstöðu vegna lengri flutningsleiða og þar með hærri flutningskostnaðar, er ekki náð með sama hætti og áður. Styrkurinn er mikilvægt verkfæri til þess að bæta hluta þess aðstöðumunar sem fyrirtæki og framleiðendur sem staðsettir eru fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn búa við. Því er mikill ávinningur í því að fjárveitingar til verkefnisins haldist í hendur við vaxandi flutningskostnað.

Í áformum ráðuneytisins kemur fram að fyrirhugaðar breytingar kynnu að koma inn á svið þjóðréttarskuldbindinga Íslands vegna EES-samningsins. Samtökin taka undir þetta og benda á að samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 160/2011 um svæðisbundna flutningsjöfnun er vísað til byggðakorts Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) fyrir Ísland (e. regional aid map). Rétt er að taka fram að ESA hefur nýlega samþykkt nýtt byggðakort fyrir Ísland og gildir það fyrir árin 2022-2027.<sup>1</sup>

Hér er um að ræða kort sem staðfestir að unnt sé að veita aukna styrki utan höfuðborgarsvæðisins á grundvelli byggðasjónarmiða. Af þeim sökum ætti EES-samningurinn ekki að koma í veg fyrir að styrkir til svæðisbundinnar flutningsjöfnunar væri hækkaðir verulega – í raun grundvallast slík framkvæmd á EES-samningnum, sbr. (a) og (c) liðir 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Að þessu sögðu eru fulltrúar samtakanna eru reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um málið sé þess óskað.

Virðingarfyllst  
f.h. Samtaka fyrirtækja í landbúnaði

Margrét Gísladóttir  
framkvæmdastjóri SAFL

---

<sup>1</sup> Umrætt kort er aðgengilegt hér. Grænn litur merkir að unnt sé að veita styrki á grundvelli byggðasjónarmiða: <https://www.eftasurv.int/cms/sites/default/files/documents/gopro/Annex%201%20-%20Graphical%20illustration.pdf>.